

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hörgársveit.

Deiliskipulag fyrir athafnasvæðið Lækjarvelli.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 1. júní 2023 breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðisins Lækjarvalla.

Í breytingunni felst að gerð er breyting á norðurhluta svæðisins þar sem legu vegar og göngustíga er breytt. Þá eru gerðar breytingar á lóðamörkum og lögun byggingarreita á norðurhluta svæðisins breytt sem og að kröfum um lóðarfrágang er bætt við skilmála skipulagsins.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41., 42. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hörgársveit, 15. ágúst 2023.

Sigríður Kristjánsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 30. ágúst 2023